

Matsáætlun Lindaskóla 2019-2023



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Lindaskóli	3
3	Mat á skólastarfi	4
3.1	Tilgangur og markmið mats	5
3.2	Viðmið um innra mat skóla	6
3.3	Aðferðir og framkvæmd	7
3.4	Matsferlið.....	8
4	Innra mat Lindaskóla	10
4.1	Matsteymi	10
4.2	Matsþættir	11
4.2.1	Nám og kennsla	12
4.2.2	Mannauður	13
4.2.3	Stjórnun og fagleg forysta.....	14
4.2.4	Skólabragur	14
4.2.5	Innra mat	15
4.2.6	Áherslur Lindaskóla.....	16
4.3	Gagnaöflun	16
4.3.1	Lesferill – lestrarþjálfun	16
4.3.2	Skimanir	17
4.3.3	Skólapúlsinn	19
4.3.4	Samræmd könnunarpróf	19
4.3.5	Samantekt.....	19
4.4	Viðmið um árangur og umbótastarf.....	21
5	Matsáætlun Lindaskóla 2019-2023	22
5.1	Matsáætlun eftir viðfangsefnum	22
5.2	Tímasett matsáætlun	24
6	Lokaorð	27
	Heimildaskrá	28
	Viðaukar	29
	Fylgiskjal 1 – Yfirlit yfir matsþætti Skólapúlsins	29
	Nemendakönnun 1.-5. b	29
	Nemendakönnun 6.-10. b	30
	Starfsmannakönnun.....	31
	Foreldrakönnun.....	32

1 Inngangur

Í þessari skýrslu er fjallað um matsáætlun Lindaskóla, fyrir skólaárin 2019-2023. Skýrslunni er skipt upp í sex meginkafla. Á eftir inngangsorðum er umfjöllun um Lindaskóla þar sem gerð er grein fyrir sögu hans og gerð. Því næst er fjallað almennt um mat á skólastarfi, tilgangi þess og aðferðum. Í þriðja kaflanum er fjallað um innra mat Lindaskóla, þau viðfangsefni sem eru metin, hvernig gagnaöflun fer fram, viðmið um árangur og umbótavinnu. Að lokum er gerð grein fyrir matsáætlun Lindaskóla fyrir skólaárin 2019 – 2023. Annars vegar áætlun þar sem viðfangsefni matsins eru tilgreind og hins vegar áætlun með tímaskipulagi fyrir hvern mánuð ársins.

2 Lindaskóli

Lindaskóli tók til starfa 1. september 1997 og er því á 23. starfsári. Lindaskóli stendur við Núpaland og er staðsettur í miðju skólahverfinu. Hann er heildstæður grunnskóli með nemendur í 1. - 10. bekk. Undanfarnir 10 ár hefur nemendafjöldinn verið um 500 talsins og starfsmannafjöldinn í kringum 70. Fjórir stjórnendur skipta með sér verkum; skólastjóri, aðstoðarskólastjóri sem jafnframt gegnir stöðu deildarstjóra yngsta stigs, deildarstjóri sérkennslu og miðstigs og deildarstjóri unglingastigs.

Gildi Lindaskóla eru: *Vinátta - Virðing - Viska*

Í skólanum er lögð áhersla á teymisvinnu og teymiskennslu. Í 1. - 7. bekk er teymiskennsla þar sem allur árgangurinn er saman í bekk með tvo til þrjá umsjónarkennara.

Lindaskóli er grænfánaskóli og leggur áherslu á umhverfismál og útinám. Útinám eykur fjölbreytni í skólastarfi og mætir án efa ólíkum þörfum nemenda.

Í Lindaskóla er mikið tónlistarlíf. Nemendur í 1. - 6. bekk fá tónmenntakennslu tvisvar sinnum í viku hjá tónmenntakennara sem stýrir jafnframt vikulegum samstundum hjá 1. - 2. bekk og mánaðarlegum samstundum í 3. - 4. bekk. Á samstundum er sungið saman en auk þess koma nemendur annað slagið fram með ýmis leik- og söngatriði.. Nemendur í 5. - 10. bekk eru einnig reglulega með samstundir með ýmsum listviðburðum. Kór Lindaskóla er fyrir nemendur í 2. - 6. bekk undir stjórn kórstjóra. Það verkefni er kallað *Syngjandi skóli*. Kórinn kemur fram við ýmis tækifæri, bæði innan skóla sem utan.

Menningardagar skólans eru ár hvert í desember þar sem skólastarfið er brotið upp og menning og listir hafðar í öndvegi. Listafólki er boðið að sýna verk sín í skólanum þessa daga.

Rík og sterk hefð er komin á vorferðir þar sem árgangar heimsækja ákveðna staði í nær- og fjærumhverfinu. Í þessum ferðum er námi, hreyfingu og útivist blandað saman á skemmtilegan og fjölbreyttan hátt.

Félagsmiðstöðin Jemen er starfrækt í húsnæði skólans og sér hún um félagslíf nemenda á unglingastigi auk þess sem boðið er upp á miðstigsopnanir einu sinni til tvisvar í mánuði. Frístund er í boði fyrir nemendur í 1. - 4. bekk þar sem áhersla er lögð á frjálsan leik en einnig skipulögð námskeið undir stjórn starfsmanna og kennara. Frístundin heitir Demantabær.

Nánari upplýsingar um skólann má finna í árlegri *Starfsáætlun Lindaskóla* sem er á heimasíðu skólans, www.lindaskoli.is, undir flípanum *Áætlanir* og í árlegri *Starfsáætlun Frístundar* sem er einnig að finna á heimasíðu skólans undir flýtihnappinum *Frístund*.

3 Mat á skólastarfi

Skylda til mats á skólastarfi var lögfest í tíð grunnskólalaga frá árinu 1995 og hafa þau haldist óbreytt í gildandi lögum nr. [91/2008](#) með síðari breytingum. Ennfremur gildir um innra mat og eftirlit reglugerð nr. [658/2009](#). Í 35. gr. laganna er fjallað almennt um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs og í 36. gr. um innra mat skóla. Í ákvæðunum kemur fram að hver grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Þá segir að grunnskólar eigi að birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Samkvæmt 37. gr. grunnskólalaga skulu sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Þá ber þeim enn fremur að fylgja bæði ytra og innra mati eftir svo slíkt mat leiði til umbóta á skólastarfi.

Menntamálaráðuneytið gerir áætlanir til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla sem og aðra þætti skólstarfsins.

Ávallt þarf að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða, sem og aðalnámskrá hverju sinni en skólum er í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við mat á innri starfsemi. Við mat á innra starfi skólans hefur Lindaskóli enn fremur til hliðsjónar ákvæði stjórnarsýslulaga nr. [37/1993](#) og laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. [90/2018](#).

3.1 Tilgangur og markmið mats

Megintilgangur sjálfsmats eða innra mats skóla er að gera starfsfólki auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá, sem og staðbundin markmið sem skólar setja fram í skólanámskrám. Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir umbætur. Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólstarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólstarfsins er í samræmi við markmið.

Í ritinu *Sjálfsmat skóla*, útgefnu af Menntamálaráðuneytinu árið 1997 er að finna haldgóðar leiðbeiningar um mat á innra starfi gunnskóla og árið 2016 voru þær útfærðar nánar í ritinu *Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla*. Í inngangsorðum þess kemur fram megintilgangur innra mats skóla:

Með innra mati er skólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum (Sigríður Sigurðardóttir, 2016).

Tilgangur sjálfsmats er því að gera skólasamfélaginu fært að skoða stöðu sína á markvissan og skipulagðan máta og komast þannig að því hvað vel er gert og hvað

má gera betur. Sjálfsmat er því tæki til að gera góðan skóla betri og verður ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur er það framkvæmt jafnt og þétt og fléttað inn í skólastarfið til lengri tíma. Til að fá sem mest út úr vinnu þeirri sem lögð er í matið er mikilvægt að vinna með góð og skilvirk matstæki (Menntamálaráðuneytið, 1997).

Niðurstöðurnar sem koma fram við úrvinnslu gagna úr mati skólans eru gerðar opinberar og á grundvelli niðurstaðna er gripið til aðgerða sem greint er frá í sérstakri skýrslu ásamt umbótaáætlun.

3.2 Viðmið um innra mat skóla

Þau viðmið sem ráðuneytið telur mikilvæg fyrir úttekt á sjálfsmatsaðferðum eru meðal annars tilgreind í ritinu *Sjálfsmat skóla* (1997). Þar segir: að í innra mati skuli koma fram stefna og markmið skóla og skilgreining á leiðum til þess að ná þeim. Þar á að draga fram sterkar og veikar hliðar skólastarfsins.

Mat er stór hluti af skólastarfi þar sem kennarar og starfsmenn skóla eru stöðugt að meta starfið, bæði með formlegum og óformlegum hætti. Með innra mati er sjálfsmat starfsmanna gert meðvitað og formlegt, meðal annars með markvissum samræðum, skráningu og greiningu. Innra mat sem byggir á samræðu og samvinnu fagmanna og er valdeflandi fyrir þá sem taka þátt í því.

Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um skólastarfið. Þar er lagt mat á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og árangri sem stefnt er að út frá fyrir fram ákveðnum viðmiðum (Sigríður Sigurðardóttir, 2016).

Hér er samantekt á því hvaða þætti matið þarf að uppfylla:

Kerfisbundið	Matið á að vera fyrir fram hugsað og vel skipulagt með áætlunum. Matskerfi skólans á að lýsa í skólanámskrá og viðfangsefni hvers skólaárs þarf að tilgreina í starfsáætlun.
Markmiðsbundið	Skólar setja sér stefnu og markmið út frá aðalnámskrá og skólastefnu síns sveitarfélags. Með innra mati er metið hvernig gengur að ná þeim markmiðum.
Samstarfsmiðað	Helstu hagsmunahópar; starfsfólk, nemendur og foreldrar eiga að hafa sitt að segja um skipulag og framkvæmd matsins og leita þarf til allra þessara hópa þegar gagna er aflað. Innra mat byggist á samræðu og ígrundun og hvetur þannig til samstarfs.
Samofið öllu skólastarfi	Gagna í innra mati er aflað í daglegu starfi þar sem kennarar, stjórnendur og starfsmenn afla gagna um nám, kennslu og velferð nemenda. Matið nær til allra þátta starfsins.
Byggt á traustum gögnum	Gagnaöflun þarf að vera vönduð og afla þarf gagna sem best varpa ljósi á viðfangsefnið.
Greinandi og umbótamiðað	Greina þarf niðurstöður í styrkleika og þætti sem þarfnast umbóta. Gera þarf áætlun um umbætur, koma þeim í framkvæmd og meta hvernig til tekst.
Opinbert	Helstu niðurstöður og áætlanir um umbætur þarf að birta opinberlega, til dæmis á heimasíðu skóla. Þess skal þó gæta að birta ekki persónugreinanlegar eða viðkvæmar upplýsingar.

(Sigríður Sigurðardóttir, 2016).


3.3 Aðferðir og framkvæmd

Innra mat skóla byggir á skólanámskrá og starfsáætlun hvers skóla. Skólanámskrá er gerð út frá aðalnámskrá grunnskóla og stefnu sveitarfélaga. Í innra mati er skoðað hvernig gengur að vinna að framgangi stefnu og markmiða skólans þar sem bæði markmið og leiðir að þeim eru metnar (Sigríður Sigurðardóttir, 2016).

Mat á innra starfi skóla er stöðugt ferli sem lýkur aldrei. Matsferlið má setja upp sem hring sem er notað ár eftir ár. Matsteymi ákveður hvaða þættir skólastarfsins eru metnir og þegar búið er að meta þá er gerð umbótaáætlun varðandi þá þætti sem komu ekki nægilega vel út. Í framhaldinu eru umbæturnar metnar og fleiri spurningum svarað sem vakna á matsferlinu. Þá kemur matsteymið saman aftur og sama ferli fer aftur af stað (Sigurlína Davíðsdóttir o.fl., 2011).

Ferlið er sett upp á eftirfarandi hátt í ritinu *Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla* (2016):

1. Skipulagning matsins.
2. Gagnaöflun samkvæmt áætlununum.
3. Greining gagna, mat lagt á niðurstöður.
4. Niðurstöður teknar saman í stutta greinargerð.
5. Umbótaáætlun gerð og framkvæmd, umbótaáætlun fylgt eftir og hún metin.



(Sigríður Sigurðardóttir, 2016)

3.4 Matsferlið

Innra mat krefst góðs skipulags og er viðvarandi verkefni sem lýkur aldrei.

Matsteymi stýrir skipulagi matsins, ber ábyrgð á framkvæmdinni og eftirfylgni við umbætur í samráði við skólastjóra. Í matsteymi þurfa fulltrúar alls skólasamfélagsins að sitja, þ.e. fulltrúar stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra.

Matsáætlanir eru gerðar til skemmri og lengri tíma. Þær halda utan um skipulagið og gefa yfirsýn yfir það sem meta á hverju sinni. Matið þarf að vera samofið daglegu starfi

og gagna aflað í kennslustundum og í öðru skipulögðu skólastarfi. Greining gagna og samræður um umbætur ættu að fara fram á ýmsum fundum innan skólans.

Skólar eiga að velja sér viðfangsefni innra mats út frá stefnu og markmiðum, þar sem metið er hvort markmiðum hafi verið náð. Meta þarf helstu þætti skólastarfsins, suma mikilvæga þætti árlega en aðra annað hvert ár eða sjaldnar. Helstu viðfangsefni innra mats grunnskóla eru:

- Nám og kennsla
- Mannauður
- Stjórnun
- Skólabragur
- Innra mat

(Sigríður Sigurðardóttir, 2016)

Nánar verður fjallað um viðfangsefni innra mats Lindaskóla í kafla 4.2.

Viðmið um gæði og árangur þarf að setja fram samhliða vali á viðfangsefnum. Viðmið er sú gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvort eða hversu vel tókst að ná því markmiði sem sett var. Hægt er að byggja viðmiðin á eftirfarandi þáttum:

1. *Viðmiðum um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum* (Birna Sigurjónsdóttir o.fl., 2012)
2. Rannsóknarniðurstöðum og fræðaskrifum
3. Samanburði við aðra
4. Samanburði á milli ára

Viðmið um gæði og árangur er hægt að setja fram í setningum eða lengri lýsingum. Þetta geta verið gæðalýsingar á ýmsum þáttum starfsins, s.s. á góðri kennslustund, á skipulagi kennslustofu og námsumhverfis eða samstarfi við nemendur.

Til hliðsjónar við gerð matsáætlunar skólans er stuðst við ritið *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum* (2012). Mikilvægt er að ákveða fyrir fram hvaða niðurstöður teljast góðar og hvenær þurfi að grípa til aðgerða.

Gagnaöflun getur farið fram á ýmsan hátt til að sýna fram á gæði/árangur þess sem metið er. Til að tryggja fjölbreytni og áreiðanleika innra mats er gagnaöflun framkvæmd með eftirfarandi aðferðum:

- Greina fyrirbyggjandi gögn, s.s. námsmat, ástundun og skólanámskrá
- Fylgjast með á vettvangi, s.s. jafningjamat og stjórnendur fylgist með námi og kennslu
- Fá fram álit, skoðanir og reynslu helstu hagamunaaðila, s.s. rýnihópar, ýmis viðtöl og kannanir til nemenda, starfsmanna og foreldra

(Sigríður Sigurðardóttir, 2016)

Þegar búið er að afla gagna er næsta skref að greina gögnin og leggja á þau mat. Matsteymi skipuleggur þessa vinnu og fær til liðs við sig fulltrúa skólasamfélagsins. Niðurstöður eru bornar saman við viðmið sem sett hafa verið fram.

Umbótaáætlun er unnin í framhaldi af samantekt niðurstaðna innra matsins. Áætlun er gerð um umbætur fyrir þá þætti sem hafa ekki náð þeim viðmiðum sem skólasamfélagið setti sér.

Helstu niðurstöður innra mats eru teknar saman árlega í stutta greinargerð.

4 Innra mat Lindaskóla

Í Lindaskóla heldur sérstakt matsteymi utan um innra mat skólans. Hér verður gerð grein fyrir teyminu, viðfangsefnum matsins, hvernig gagnaöflun fer fram, viðmiðum um árangur og áætlun um umbætur.

4.1 Matsteymi

Matsteymi Lindaskóla er skipað sjö fulltrúum; fimm fulltrúum skólans og fulltrúum foreldra og nemenda. Fulltrúar skólans eru aðstoðarskólastjóri, kennari í upplýsingatækni og kennarar af öllum stigum. Teymið hittist reglulega og skiptir með sér verkum varðandi matið og kynningu niðurstaðna fyrir starfsfólk, nemendur og foreldra. Teymisstjóri boðar til funda og stýrir vinnu hópsins. Kennari í upplýsingatækni

heldur utan um fyrirlögn vefkannana Skólapúlsins og námsráðgjafi stýrir fyrirlögn sérstakra kannana um líðan og samskipti.

Matsteymið setur niður matsáætlun til nokkurra ára. Grunnskólalög og reglugerðir settar á grundvelli þeirra segja til um hlutverk grunnskóla og ýmsa þá þætti sem varða starfsemi hans og leggja þau því grunninn að þeim matsþáttum sem teymið útfærir nánar.

4.2 Matsþættir

Helstu matsþættir í innra mati Lindaskóla eru eftirfarandi:

1. Nám og kennsla

- Inntak, árangur og framfarir
- Skipulag náms og námsumhverfi
- Kennsluhættir og gæði kennslu
- Námsættir og námsvitund
- Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda
- Skóli án aðgreiningar

2. Mannauður

- Fagmennska starfsfólks
- Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað

3. Stjórnun

- Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
- Stjórnun grunnskólans
- Faglegt samstarf
- Skólaþróun
- Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlanir og verklagsreglur

4. Skólabragur

- Viðmót og menning
- Velferð og líðan nemenda
- Samstarf heimila og skóla

5. Innra mat

- Framkvæmd innra mats
- Umbótastarf í kjölfar innra mats

6. Áherslur Lindaskóla

- Teymisvinna / teymiskennsla / samvinna
- Spjaldtölvur í skólastarfi
- Haustfundir / námskeið
- Nemenda- og foreldraviðtöl
- Menningardagar
- Uppbrotsdagar
- Útinám

Eins og sést á yfirlitinu hér fyrir ofan er matspáttum Lindaskóla skipt upp í sex meginþætti og undir hverjum þeirra er nánari lýsing á því hvað metið er. Hér er stuðst við þá flokkun sem notuð er í ytra mati grunnskóla og fjallað er um í skýrslunum *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum* (Birna Sigurjónsdóttir o.fl., 2012) og *Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla* (Sigríður Sigurðardóttir, 2016). Í fylgiskjali 1 á bls. 29, er hægt að sjá þá þætti sem eru metnir í reglulegum könnunum Skólapúlsins. Hér að neðan verður lauslega sagt frá þessum sex meginmatspáttum Lindaskóla.

4.2.1 Nám og kennsla

Lindaskóli leggur áherslu á að nemendur skólans fái nám og kennslu við hæfi sem uppfyllir ákvæði aðalnámskrár. Upplýsingar um markmið náms og kennslu koma fram í skólanámskrá og byggja á aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélagsins. Fylgst er markvisst með árangri sérhvers nemanda, nemendahópa og skólans í heild með það að markmiði að viðhalda góðum árangri og efla skólastarf enn frekar.

Til að meta frammistöðu og framfarir nemenda í námi er stuðst við fjölbreytt námsmat, símat sem fer fram allt skólaárið. Auk þess eru kannanir og próf lögð fyrir á námsmatsdögum sem eru í febrúar og maí. Skimanir í lestri og stafsetningu eru lagðar reglulega fyrir nemendur. Samræmd próf á vegum Menntamálastofnunar (MMS) eru lögð fyrir í 4., 7. og 9. bekk.

Umsjónarkennarar í 8. - 10. bekk boða nemendur sína í einstaklingsviðtal a.m.k. einu sinni á ári. Í viðtölunum er farið yfir námslega stöðu nemandans og markmið hans fyrir skólaárið. Þá er mikil áhersla lögð á að ræða líðan og samskipti. Á tímum fjölbreytts námsmats og símats eru allir kennarar á unglíngastigi vakandi fyrir því að ræða

reglulega við nemendur um árangur og markmið hvers og eins í viðkomandi námsgrein.

Kennsluhættir er varða skipulag, fjölbreytni, samþættingu námsgreina, samstarf á milli nemenda og að nemendur fái nám við hæfi eru metnir reglulega. Gæði kennslu eru metin formlega og óformlega þar sem stjórnendur fylgjast með kennslustundum og gefa góð ráð.

Námshættir og námsvitund nemenda er metin á hverju ári í Skólapúlsinum. Þar svara nemendur spurningum sem varða námsáhuga, áhuga á ákveðnum námsgreinum, þrautseigju í námi, trú á eigin námsgetu og vinnubrögð sín. Þar er jafnframt metin almenn þátttaka nemendahópsins, agi í tímum og líðan nemenda í skólanum.

4.2.2 Mannauður

Mannauður hvers skóla er mjög dýrmæt auðlind. Í Lindaskóla er mikil áhersla lögð á starfsánægju, góð samskipti, vellíðan og faglegt skólastarf. Enda eru gildi skólans; *Vinátta - Virðing - Viska*. Mannauðurinn er metinn á hverju ári með starfsmanna-samtölum og annað hvert ár með starfsmannakönnun Skólapúlsins.

Í mars á hverju ári fara fram starfsmannasamtöl við alla starfsmenn Lindaskóla. Skólastjórnendur undirbúa í sameiningu samtölin og ákveða hvaða þætti eigi að leggja áherslu á. Starfsmannasamtölin eru jafnframt starfsþróunarsamtöl. Þau eru mikilvægur þáttur í að meta hvernig starfið er að ganga hjá einstaka starfsmönnum og í skólanum í heild. Nokkrir þættir eru alltaf til umræðu eins og líðan, samskipti, starfsþróun og símenntun og starfið á komandi skólaári. Samtölin eru trúnaðarsamtöl á milli stjórnenda og starfsmanna og eiga að vera opinská og hreinskilin. Með því er auðveldara að meta starfið og stöðuna almennt hjá hverjum og einum starfsmanni, ræða hvað er að ganga vel og hvaða þætti þarf að styrkja. Einnig er starfið almennt í skólanum rætt til að meta styrkleika og veikleika skólastarfsins með það að markmiði að gera enn betur.

Fagmennska starfsfólks er jafnframt metin annað hvert ár með spurningakönnun Skólapúlsins. Þar er m.a. verið að skoða upplýsingamiðlun til foreldra, heimavinnu og

hópavinnu nemenda, undirbúning kennslu, einstaklingsmiðaða kennslu, námsmat, samráð og samvinnu um kennslu og virka samvinnu um skólaþróun og umbætur.

Þættir er varða starfsánægju, starfsanda, áreitni, einelti og starfsumhverfið eru metnir annað hvert ár.

4.2.3 Stjórnun og fagleg forysta

Skólastjóri, sem forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forystu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Stjórnandi hefur forystu um að móta sýn og stefnu skólans. Menntun og velferð allra nemenda er leiðarljós í skólastarfinu ásamt metnaði fyrir góðum árangri hvers og eins. Skólastjóri vinnur með skólaráði sem er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans og stefnumörkun. Fjórir stjórnendur skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu sem best.

Til að meta stjórnun skólans eru spurningar lagðar fyrir forráðamenn nemenda og starfsmenn annað hvert ár. Spurningarnar snúa m.a. að ánægju foreldra með stjórnun og þætti er varða stuðning frá stjórnendum, sanngjarna og valdeflandi forystu og ræktun mannauðs. Jafnframt eru metin starfsmannasamtöl og gagnsemi þeirra og faglegur stuðningur skólastjóra/stjórnenda við kennara.

Ýmsa þætti þarf að meta eins og námsskrár, áætlanir og verklagsreglur. Þessir þættir eru metnir á stjórnenda-, deildar-, kennara-, skólaráðs- og menntaráðsfundum.

4.2.4 Skólabragur

Í Lindaskóla er lögð áhersla á jákvæðan skólabrag þar sem stundvísi, jákvæð samskipti, vellíðan og virðing manna á milli, er í hávegum höfð. Unnið er markvisst að því að fyrirbyggja einelti og samskiptavanda og notuð til þess aðferð sem heitir *Saman í sátt*, eftir þá Erling Roland og Grete Sörenesen Vaaland.

Gildi Lindaskóla; *Vinátta - Virðing – Viska*, ýta enn frekar undir góðan skólabrag og lögð er mikil áhersla á að nemendur þekki og tileinki sér þau gildi. Þeir þættir sem snúa að góðum skólabrag eru reglulega metnir með könnunum Skólapúlsins.

Samkvæmt eineltisáætlun skólans eru félagatengsl nemenda kortlögð á hverju ári með tengslakönnun. Tengslakannanir eru lagðar fyrir til að fá innsýn í hvernig einstaklingar í hópi tengjast og hverjir eru líklegir til að geta unnið vel saman eða verið saman við tilteknar aðstæður. Einnig gefur tengslakönnun innsýn inn í félagslega stöðu hvers og eins, vinsældir, höfnun, trygg sambönd o.fl. Tengslakannanir eru gagnlegar fyrir umsjónarkennara til að kanna félagslega stöðu og í framhaldinu að fara í markvissa vinnu við að efla félagatengsl og samkennd í hópi. Þær eru einnig tæki sem gefa kennara innsýn í hvaða nemendur standa utan við félagahópinn.

Gott samstarf á milli heimila og skóla er mikilvægur þáttur fyrir skólastarf og velferð nemenda. Með góðu samstarfi er hægt að tryggja gagnkvæmt traust á milli foreldra og kennara. Upplýsingagjöf til heimila fer fram með ýmsu móti. Á haustin eru haldnir kynningarfundir fyrir foreldra um skólastarfið og upplýsingar fara reglulega heim í gegnum Mentor og á heimasíðu skólans. Í 1. - 4. bekk eru birt vikubríf með heimavinnuáætlunum og fréttum af skólastarfinu. Á miðstigi setja kennarar reglulega inn fréttir og upplýsingar á Mentor. Í unglingsáætlun fara reglulega heim fréttir og tölvupóstar, allt eftir því sem er á döfinni á hverjum tíma.

Foreldrar eiga þrjá fulltrúa í skólaráði sem er samráðsvettvangur skólasamfélagsins og skólastjóra um skólahald.

4.2.5 Innra mat

Í kafla 3 hér í matsáætluninni er fjallað nokkuð ítarlega um framkvæmd innra mats og að matið nái til allra helstu þátta í skólastarfinu. Þegar matið hefur farið fram fer matsteymið yfir niðurstöðurnar og býr til umbótaáætlun í samstarfi við skólasamfélagið. Umbótastarf í kjölfar innra mats er einn mikilvægasti þátturinn í öllu matsferlinu.

Í árlegum áfangaskýrslum um innra mat skólans er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti markmið hafa náðst út frá viðmiðum skólans. Þar er einnig sagt frá því umbótastarfi sem unnið hefur verið að og hvernig til hefur tekist.

Ytra mat á skólastarfi á vegum MMS var framkvæmt vorið 2019 þar sem farið var meðal annars í saumana á innra mati skólans.

4.2.6 Áherslur Lindaskóla

Helstu áherslupættir í starfi Lindaskóla eru metnir reglulega. Sumir þættir eru metnir árlega á meðan aðrir eru metnir á nokkurra ára fresti. Margir þættir í skólastarfinu eru metnir á deildarfundum og kennarafundum með umræðum á meðan aðrir þættir eru metnir með sérstökum könnunum.

Vorið 2017 voru lagðar fyrir kannanir um teymiskennslu skólans og um haustfundi/námskeið fyrir foreldra. Spjaldtölvuverkefni skólans var tekið út í ytra mati árið 2019.

Auk fyrrnefndra verkefna er markmiðið að meta m.a. nemenda- og foreldraviðtöl, menningardaga skólans, uppbrotsdaga og útinám.

4.3 Gagnaöflun

Lindaskóli styðst við ýmis matstæki til að meta innra starf skólans. Hér verður gerð grein fyrir þeim helstu.

4.3.1 Lesferill – lestrarþjálfun

Lesfímipróf MMS eru stöðluð hraðlestrarpróf fyrir alla nemendur í 1. - 10. bekk og eru framkvæmd þrisvar sinnum á ári (september, janúar og maí). Niðurstöður prófanna eru skoðaðar og metið hvort grípa þurfi til frekari stuðnings við nemendur, s.s. sérkennslu. Þá er einnig greint hvaða nemendur þurfa sérstakt lestrarátak sem skólinn býður upp á í samvinnu við heimilin.

Nemendur í 3. - 8. bekk eru prófaðir í lesskilningi að hausti og vori með Orðarún, stöðluðum prófum á vegum MMS. Niðurstöður gefa upplýsingar um framfarir nemenda á milli ára og skólinn nýtir niðurstöðurnar til þess að fylgjast með hvort framfarir nemenda séu með eðlilegum hætti og grípa inn í ef vísbendingar benda til annars.

Við upphaf skólagöngu nemenda í 1. bekk er stafabekking þeirra könnuð, einnig er gerð lesskimun frá MMS í október til að meta undirstöðupætti lestrar sem eru málproski, bókstafir/hljóð og hljóðkerfisvitund. Þeir nemendur sem koma ekki nógu vel

út í þessum athugunum fá viðeigandi stuðning eða sérkennslu. Í janúar eru þeir nemendur sem þurftu stuðning teknir í stafakönnun að nýju.

Nemendur í 8. - 10. bekk eru prófaðir í lesskilningi að vori þar sem lesskilningurinn er hluti af vorprófi í íslensku. Nemendur í 9. bekk taka þar að auki samræmt próf í íslensku í mars þar sem stór hluti prófsins er lesskilningur.

4.3.2 Skimanir

Deildarstjóri sérkennslu heldur utan um stoðþjónustu skólans ásamt deildarstjórum stiga. Hér fyrir neðan er listi yfir skimunarpróf sem lögð eru fyrir nemendur á ákveðnum aldurstigum. Þau eru lögð fyrir til að fylgjast með stöðu einstakra nemenda, sjá hvort námsframvinda þeirra sé með eðlilegum hætti eða hvort einhverjir námserfiðleikar séu fyrir hendi. Deildarstjóri sérkennslu ber ábyrgð á fyrirlögn prófanna.

Bekkur	Próf	Tími	Hver leggur fyrir
1. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> Stafa-/hljóðakannanir Lesskimun fyrir 1. bekk Hraðapróf í lestri Lesskilningspróf 	eftir þörfum október jan og maí febrúar	<ul style="list-style-type: none"> Sérkennarar og umsj.k. Sérkennarar og umsj.k. Sérkennarar Umsjónarkennarar
2. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> Aston Index, stafsetning Hraðapróf í lestri Stafa/hljóðak. (sem þurfa) Lesmál Lesskilningspróf 	september sept, jan, maí eftir þörfum apríl maí	<ul style="list-style-type: none"> Umsjónarkennarar Sérkennarar Sérkennarar Sérkennarar og umsj.k. Umsjónarkennarar
3. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> Aston Index, stafsetning Lesskilningspr. Orðarún Hraðapróf í lestri 	september nóv. og maí sept, jan, maí	<ul style="list-style-type: none"> Umsjónarkennarar Umsjónarkennarar Sérkennarar
4. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> Aston Index, stafsetning Samræmd próf í íslensku og stærðfræði Lesskilningspr. Orðarún Hraðapróf í lestri 	september september nóv. og maí sept, jan, maí	<ul style="list-style-type: none"> Umsjónarkennarar Deildarstjóri, umsjónark. og sérkennarar Umsjónarkennarar Sérkennarar

5. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> • Aston Index, stafsetning • Lesskilningspr. Orðarún • Hraðapóf í lestri • Framsagnarpróf 	september nóv. og maí sept, jan, maí maí	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Umsjónarkennarar ▪ Umsjónarkennarar ▪ Sérkennarar ▪ Umsjónarkennarar
6. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> • Aston Index, stafsetning • Lesskilningspr. Orðarún • Hraðapróf í lestri • Framsagnarpróf 	september nóv. og maí sept, jan, maí maí	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Umsjónarkennarar ▪ Umsjónarkennarar ▪ Sérkennarar ▪ Umsjónarkennarar
7. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> • Aston Index, stafsetning • Samræmd próf í íslensku og stærðfræði • Lesskilningspr. Orðarún • Hraðapóf í lestri • Framsagnarpróf 	september september nóv. og maí sept, jan, maí maí	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Umsjónarkennarar ▪ Deildarstjóri, umsjónark. og sérkennarar ▪ Umsjónarkennarar ▪ Sérkennarar ▪ Umsjónarkennarar
8. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> • Hraðapóf í lestri • Lesskilningspr. Orðarún • Lesskilningspróf, hluti af vorprófi 	sept, jan og maí nóv og maí maí	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Umsjónarkennarar ▪ Sérkennarar ▪ Umsjónarkennarar ▪ Íslenskukennari
9. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> • Hraðapróf í lestri • Samræmd könnunarpróf í ísl, stæ og ensku • Lesskilningspróf, hluti af vorprófi 	sept, jan, maí mars maí	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sérkennarar ▪ Deildarstjóri, sérkennari og fagkennarar. ▪ Íslenskukennari
10. bekkur	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Hraðapróf í lestri ▪ Lesskilningspróf, hluti af vorprófi 	sept, jan, maí maí	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sérkennarar ▪ Íslenskukennari

Þegar skimunarpróf hafa verið lögð fyrir er mikilvægt að þeir sem eru ábyrgir fyrir einstökum prófum fari yfir niðurstöður þeirra. Viðmið eru með hverju skimunarprófi og skoða þarf sérstaklega þá nemendur sem víkja frá viðmiðunum til að koma til móts við þeirra sérþarfir. Deildarstjóri sérkennslu ásamt öðrum sérkennurum ber ábyrgð á þessari vinnu.

4.3.3 Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er veflægt matskerfi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem nemendur, foreldrar og starfsmenn svara spurningalista á netinu um flestalla þætti skólustarfsins (sjá fylgiskjal 1 á bls. 29).

Vorið 2021 er áætlað að hefja árlega fyrirlögn á könnunum fyrir nemendur í 1. - 5. bekk þar sem spurt er um líðan og lestur. Um er að ræða broskarlakannanir þar sem fyrirmæli eru lesin upp með hjálp talgervils og nemendur merkja við þá mynd sem passar við þeirra svar. Ítarlegar spurningakannanir eru lagðar fyrir nemendur í 6. - 10. bekk. Foreldrakönnun og starfsmannakönnun eru lagðar fyrir til skiptis annað hvert ár, foreldrakönnun árið 2019, starfsmannakönnun árið 2020, o.s.frv.

4.3.4 Samræmd könnunarpróf

Samræmd próf á vegum MMS eru lögð fyrir árlega. Í september taka nemendur í 4. og 7. bekk próf í íslensku og stærðfræði. Í marsmánuði taka nemendur 9. bekkjar próf í íslensku, stærðfræði og ensku.

Sérkennarar, stjórnendur og fagkennarar meta niðurstöður samræmdra prófa til að sjá stöðu einstakra nemenda og stöðu skólans samanborið við landsmeðaltal og árangur síðustu ára. Skoða þarf hvaða þættir eru að ganga vel og hvað má betur fara og gera þá áætlanir um úrbætur. Úrbætur geta snúið að einstökum nemendum sem sýna lítinn árangur og litlar framfarir eða snúið að ákveðnum námsþáttum, námsefni eða kennsluháttum.

4.3.5 Samantekt

Lindaskóli styðst við ýmsar aðferðir til að afla gagna fyrir innra mat skólans. Þær má flokka í þrennt:

1. Greining á árangri og fyrirliggjandi gögnum.
2. Skoðanir og álit hagsmunaaðila.
3. Vettvangsathuganir.

Hér verður gerð nánari grein fyrir því hvað fellur undir hvern flokk.

Greining á árangri og fyrirliggjandi gögnum:

- Árangur og framfarir í íslensku, stærðfræði og ensku í samræmdum könnunarprófum.
- Árangur og framfarir í öllum námsgreinum og árgöngum með mati á námsárangri.
- Árangur og framfarir í lestri, t.d. með lesskimunum, lesfimi (hraðlestrarprófum), framsagnarprófum og lesskilningsprófum.
- Skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir eru endurskoðaðar árlega.
- Innra mat, umbótaáætlun og umbótavinna.

Skoðanir og álit hagsmunaaðila:

- Árlegar nemendakannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir í 1. - 10. bekk. Nemendur í 6. - 10. bekk svara könnunum þar sem spurt er um líðan í skólanum, bekkjarbrag, skólabrag og tengsl við starfsfólk. Vorið 2021 er áætlað að nemendur í 1. - 5. bekk svari könnun um líðan og lestur.
- Bekkjarfundir eru haldnir reglulega og tengslakannanir í öllum árgöngum árlega.
- Kannanir lagðar fyrir kennara og starfsmenn annað hvert ár þar sem spurt er m.a. um stjórnun, starfsánægju, samskipti og samstarf.
- Kannanir lagðar fyrir foreldra annað hvert ár þar sem er spurt um skólabrag, samskipti og skólastjórnun.
- Árlegir kaffihúsafundir með starfsmönnum, foreldrum og nemendum þar sem fjallað er um viðfangsefni innra mats hverju sinni og unnið að umbótaáætlun.
- Starfsmannasamtöl, spurt um viðfangsefni innra mats.
- Markviss samræða um viðfangsefni mats á föstum fundum matsteymis.

Vettvangsathuganir:

- Kennarar, stjórnendur og aðrar fagstéttir innan skólans skoða reglulega eigið starf/jafningjamat.
- Stjórnendur fylgjast reglulega með námi og kennslu út frá viðfangsefnum innra mats.

4.4 Viðmið um árangur og umbótastarf

Matsteymi Lindaskóla ásamt skólasamfélaginu hefur sett sér eftirfarandi viðmið varðandi matsspurningar Skólapúlsins: Markmið Lindaskóla eru þau að vera yfir landsmeðaltali í öllum þáttum eða í það minnsta jafn. Þar sem við erum í heildina marktækt yfir landsmeðaltali getum við verið ánægð með niðurstöðuna. Hins vegar þar sem niðurstöður skólans eru marktækt undir landsmeðaltali þarf skólinn að bregðast við og eru þeir þættir settir inn í umbótaáætlun. Þar sem niðurstöður eru gefnar upp í prósentum er viðmiðið að vera alltaf yfir 80%, t.d. að vera mjög ánægð eða frekar ánægð með ákveðna þætti í skólastarfinu. Í mikilvægum þáttum sem tengjast velferð nemenda og starfsfólks eins og einelti eða áreitni eru sett hærri viðmið og þau skoðuð sérstaklega í hverju tilfalli fyrir sig. Þá er ekki hægt að miða við aðra skóla og einelti er aldrei ásættanlegt. Velferð nemenda og starfsfólks er ætíð höfð að leiðarljósi og er því alltaf höfð í umbótaáætlun skólans.

Jafnframt eru viðmiðin um árangur og framfarir í samræmdum könnunarprófum, lesskilningi og lesfimi þau að nemendur í Lindaskóla séu jafnir eða hærri en nemendur á landinu.

Með því að vera með fyrir fram skilgreind viðmið um árangur finnum við hvar styrkleikar og veikleikar í hinum ýmsu þáttum skólastarfsins liggja. Þó svo að það geti verið gott að miða niðurstöður við aðra skóla er það ekki algilt því ytri þættir þeirra eru mjög mismunandi. Má þar nefna uppbyggingu hverfa, menntunarstig foreldra, samsetningu nemendahópa og reynslu starfsfólks. Því er mikilvægt að skoða hverja spurningu fyrir sig.

Matsteymi Lindaskóla leggur áherslu á að umbótaáætlun sé gerð með aðkomu alls skólasamfélagsins. Sú vinna fer fram að vori þegar niðurstöður hafa fengist úr könnunum skólaársins. Þá er boðaður kaffihúsafundur með öllum starfsmönnum, fulltrúum nemenda og foreldra þar sem unnið er í minni hópum og settar fram hugmyndir um hvernig vinna skuli að umbótum.

Skólaráð Lindaskóla er umsagnaraðili matsvinnu skólans og er kynnt reglulega öll sú vinna sem er í gangi. Skólaráð er jafnframt hvatt til að koma með ábendingar eða

athugasemdir varðandi matsvinnuna, matsáætlanir og matsskýrslur. Skólaráð er skipað skólastjóra, foreldrum, kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, nemendum og fulltrúa grenndarsamfélagsins. Þannig er öllum í skólasamfélaginu tryggð þátttaka í öllu matsferlinu.

5 Matsáætlun Lindaskóla 2019-2023

Matsáætlun Lindaskóla er til fjögurra ára, 2019-2023. Áætlunin er sett upp á tvo vegu. Annars vegar matsáætlun þar sem matsþættir eru tilgreindir og hins vegar matsáætlun með tímaskipulagi fyrir hvern mánuð ársins. Ítarleg matsáætlun fyrir hvert skólaár er birt í matsskýrslu á hverju hausti.

5.1 Matsáætlun eftir viðfangsefnum

Tafla 1 sýnir matsáætlun Lindaskóla 2019-2023 eftir matsþáttum. Hér er tilgreint hvaða matsþættir eru teknir fyrir á hverju skólaári.

Tafla 1; Matsþættir í matsáætlun Lindaskóla 2019-2023

Matsþættir	Skólaárið 2019-2020	Skólaárið 2020-2021	Skólaárið 2021-2022	Skólaárið 2022-2023
Nám og kennsla:				
Inntak, árangur og framfarir	x	x	x	x
Skipulag náms og námsumhverfi	x	x	x	x
Kennsluhættir og gæði kennslu	x	x	x	x
Námshættir og námsvitund nemenda	x	x	x	x
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda	x	x	x	x
Skóli án aðgreiningar	x		x	
Mannauður:				
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað	x		x	
Stjórnun og skipulag:				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		x	
Stjórnun skólans	x	x	x	x
Faglegt samstarf	x		x	
Skólaþróun og starfsþróun	x		x	
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Skólabragur:				
Viðmót og menning	x	x	x	x
Velferð og líðan nemenda	x	x	x	x
Samstarf heimila og skóla		x		x
Innra mat:				
Framkvæmd innra mats		x		x
Umbótastarf í kjölfar innra mats		x		x
Áherslur Lindaskóla				
Teymisvinna / teymiskennsla		x		
Spjaldtölvur í skólastarfi				x
Haustfundir / námskeið				x
Menningardagar			x	
Uppbrotisdagar			x	
Útinám		x		

5.2 Tímasett matsáætlun

Tafla 2 sýnir tímasetta matsáætlun með skilgreindum matstækjum, hverjir taka þátt í matinu í hvert skipti og hverjir bera ábyrgð á framkvæmdinni.

Tafla 2; Tímasett matsáætlun Lindaskóla 2019-2023

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð	2019-20	2020-21	2021-22	2022-23
september	Útgáfa og lokayfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar	Skólastjórnendur	x	x	x	x
	Mat á námskeiði fyrir foreldra nemenda í 1. bekk	Matsteymi / deildarstjóri stigs				x
	Mat á námskeiði fyrir foreldra nemenda í 8. bekk	Matsteymi / deildarstjóri stigs				x
	Mat foreldra á haustfundum	Matsteymi / deildarstjóri stigs				x
	Mat á skólanámskrá	Skólaráð	x	x	x	x
	Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk í íslensku og stærðfræði	MMS / deildarstjórar stiga	x	x	x	x
október	Samantekt sjálfsmatsteymis um innra mat fyrra árs, skýrsla með umbótaáætlun kynnt fyrir starfsmönnum og sett á heimasíðu skólans	Matsteymi	x	x	x	x
	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. - 10. bekk	UT kennari / matsteymi	x	x	x	x
	Mat á líðan og stríðni/einelti nemenda í 1. - 10. bekk	Námsráðgjafi	x	x	x	x
nóvember	Greining niðurstaðna á samræmdum könnunarprófum í 4. bekk og 7. bekk. Deildarstjóri, sérkennarar, umsjónarkennarar og faggreinakennarar funda	Stjórnendur / umsjónarkennarar	x	x	x	x
	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. - 10. bekk	UT kennari / matsteymi	x	x	x	x
	Samantekt matsteymis um innra mat fyrra árs, skýrsla kynnt fyrir foreldrum	Matsteymi	x	x	x	x
	Fundir með fulltrúum nemenda í 7. – 8. b; Saman í sátt (hvað þeir eru ánægðir með, hvað má betur fara, hvað getum við gert til að öllum líði vel)	Námsráðgjafi / umsjónarkennarar	x	x	x	x
febrúar	Námsmat	Kennarar	x	x	x	x
	Starfsmannasamtöl (febrúar - mars)	Skólastjórnendur	x	x	x	x
	Fundir með fulltrúum nemenda í 1. – 6. bekk; Saman í sátt (hvað þeir eru ánægðir með, hvað má betur fara, hvað getum við gert til að öllum líði vel)	Námsráðgjafi / umsjónarkennarar		x		x
	Skólapúlsinn – foreldrakönnun	UT kennari / matsteymi		x		x
	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. - 10. bekk	UT kennari / matsteymi	x	x	x	x

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð	2019-20	2020-21	2021-22	2022-23
mars	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. - 10. bekk	UT kennari / matsteymi	x	x	x	x
	Skólapúlsinn – starfsmannakönnun	UT kennari / matsteymi	x		x	
	Tengslakannanir í 1. - 10. bekk	Námsráðgjafi	x	x	x	x
	Mat á samsetningu og framboði valgreina	Deildarstjóri stigs / umsjónarkennarar / list- og verkgreinakennarar	x	x	x	x
	Samræmd könnunarpróf í 9. bekk í íslensku, stærðfræði og ensku	MMS / deildarstjóri stigs	x	x	x	x
apríl	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 1. - 5. b	UT kennari / matsteymi		x	x	x
	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. - 10. bekk	UT kennari / matsteymi	x	x	x	x
	Teymisvinna / teymiskennsla	UT kennari / matsteymi		x		
	Spjaldtölvur í skólastarfi	UT kennari / matsteymi				x
	Uppbrotsdagar s.s. menningardagar	UT kennari / matsteymi			x	
maí	Kaffihúsafundur. Vinnufundur með starfsmönnum, fulltrúum foreldra og nemendum. Kynning á niðurstöðum skólaársins og unnið að umbótaáætlun í hópum	Matsteymi	x	x	x	x
	Fundur um matsáætlun 2019 - 2023 í skólaráði	Skólastjóri / aðstoðarskólastjóri	x			
	Kynning á matsáætlun 2019 - 2023 fyrir starfsmenn og sett á heimasíðu fyrir foreldra	Matsteymi	x			
júní	Yfirferð lögbundinna áætlana	Skólastjórnendur	x	x	x	x
	Samantekt matsteymis um innra mat skólaársins, skýrsla	Matsteymi / stjórnendur	x	x	x	x

6 Lokaorð

Matsáætlun þessi er til fjögurra ára, 2019-2023. Með henni er lagður grunnur að umbótastarfi Lindaskóla með hagsmuni nemenda og starfsmanna að leiðarljósi.

Tilgangur innra mats skóla er að gera skólasamfélaginu fært að skoða stöðu sína á markvissan og skipulagðan máta og komast að því hvað sé vel gert og hvað megi gera betur. Hverjir eru styrkleikar og veikleikar skólastarfsins. Með umbótaáætlun er rýnt í það sem betur má fara í skólastarfinu en það er ekki síður mikilvægt að hlúa að því sem vel er gert og halda því á lofti.

Skólastarf er í eðli sínu síbreytilegt og í stöðugri þróun. Breytingar eiga sér stað með nýjungum í kennsluháttum, með ýmsum breytingum í samfélaginu, með mismunandi áherslum og stefnu stjórnvalda sem og þróun í kennslugögnum og tækni. Mat á skólastarfi þarf að fylgja skólaþróun og því þarf áætlun þessi að vera í sífellndri endurskoðun. Matsteymi skólans mun því uppfæra matsáætlunina ef ástæða þykir til.

Mikilvægt er að horfa til þess að skólafólk er ávallt að meta störf sín og verkefni er snúa að skólastarfinu og kennsluháttum. Það leitar leiða til að gera námið í senn faglegt, gagnlegt og áhugavert fyrir nemendur. Hið óformlega mat er því oft á tíðum ekki minna gagnlegt eða faglegt en hið formlega mat og er órjúfanlegur þáttur þess.

Matsteymi Lindaskóla, 22. apríl 2020,

Auðbjörg Njálsdóttir, umsjónarkennari á yngsta stigi
Fjóla Borg Svavarsdóttir, kennari í upplýsingatækni
Guðríður Ólafsdóttir, kennari á yngsta stigi og miðstigi
Hilmar Björgvinsson, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri yngsta stigs
Katrín Einarsdóttir, fulltrúi nemenda
Margrét Sigríður Hjálmarsdóttir, fulltrúi foreldra
Sigríður Dóra Gísladóttir, umsjónarkennari á unglíngastigi

Heimildaskrá

Birna Sigurjónsdóttir, Björk Ólafsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir (2012). *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga. Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/vidmid_visbendingum.pdf

Björk Ólafsdóttir (2011). *Innra mat grunnskóla. Leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat grunnskóla*. Sótt af: <http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-fyrir-efirlit-med-innra-mati-grunnskola.pdf>

Menntamálaráðuneytið. (1997). *Sjálfsmat skóla*. Sótt af: https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Upplysingar-Utgefid/sjalfsmat_skola.pdf

Sigríður Sigurðardóttir (2016). *Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Sótt af: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=05feb9ee-52a4-11e7-941a-005056bc530c>

Sigurlína Davíðsdóttir o.fl. (2011). *Leiðbeiningar um innra mat skóla*. Íslenska matfræðifélagið.

Viðaukar

Fylgiskjal 1 – Yfirlit yfir matsþætti Skólapúlsins

Nemendakönnun 1.-5. b



Kæra foreldri/forráðamaður,

Skólinn notar kannanir Skólapúlsins til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbilinu 6-10 ára 13 spurninga sem meta ánægju af lestri, vellíðan í skólanum og ánægju með skólann. Dæmi um spurningu um ánægju af lestri er: „Hvað finnst þér um að lesa í skólanum“, dæmi um spurningu um vellíðan í skólanum, er: „Þegar ég er í skólanum er ég hamingjusamur / hamingjusöm“ og dæmi um spurningu um ánægju með skólann er „Þegar ég er í skólanum finnst mér margt vera spennandi“.



Nemendur svara spurningalistanum nafnlaust með hjálp talgervils á netinu í skólanum með því að merkja við myndir sem eru lýsandi fyrir viðkomandi svarmöguleika (sjá mynd). Allir nemendur svara könnuninni í apríl og tekur um 10 mínútur að svara henni. Niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju.

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða fyrirlögn spurningalistans. Ef þú ert mótfallin(n) því að barn þitt svari spurningalistanum, hafðu þá samband við skrifstofu skólans eða skráðu nafn þitt hér fyrir neðan og skilaðu á skrifstofu skólans.

Nánari upplýsingar um könnunina eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is til að fá nánari lýsingu á spurningum könnunarinnar.

Nemendakönnun 6.-10. b



Kæra foreldri/forráðamaður

Skólinn notar kannanir Skólalúpsins til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbilinu 11-15 ára spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir það sem metið er.

Virkni nemenda	Líðan og heilsa	Skólastarf og bekkjarandi
<ul style="list-style-type: none"> • Ánægja af lestri • Áhugi og ánægja af stærðfræði • Áhugi og ánægja af náttúrufræði • Trú á eigin námsgetu • Trú á eigin vinnubrögð í námi • Þrautseigja í námi 	<ul style="list-style-type: none"> • Sjálfsálit • Stjórn á eigin lífi • Vellíðan • Tíðni eineltis • Tegund eineltis • Staðir eineltis • Hreyfing • Mataræði 	<ul style="list-style-type: none"> • Samsömun við nemendahópinn • Samband nemenda við kennara • Agi í tímum • Virk þátttaka í tímum • Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)

Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur um 20 mínútur að svara henni. Könnunin er hluti af innra mati skólans. Niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsmönnum Skólalúpsins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísu.

Vinnsla könnunarinnar uppfyllir skilyrði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og er í samræmi við GDPR reglugerð Evrópuþingsins. Fjórar leiðir hafa verið þróaðar í því skyni:

- ✓ **Öllum persónuupplýsingum er eytt áður en svörun hefst** nema að svarandi biðji sérstaklega um að vera minntur á ef hann gleymir að ljúka könnuninni. Í slíkum tilfellum er persónuupplýsingum sjálfkrafa eytt strax að lokinni svörun.
- ✓ **Allar skeytasendingar eru dulkóðaðar (https:)** sem dregur úr líkum á því að hægt sé að hlera svörun um leið og hún á sér stað.
- ✓ **Opin svör eru vistuð aðskilin frá öðrum svörum könnunarinnar** sem kemur í veg fyrir að upplýsingar sem koma fram í opnu svari geti á nokkurn hátt verið tengdar svörum við fjölvalsspurningum í könnuninni.
- ✓ **Notkun á vefkökum er takmörkuð**, sjá nánar á www.visar.is undir *Persónuverndarstefna*.

Visar rannsóknir, sem sér um framkvæmd könnunarinnar, er meðlimur ESOMAR, alþjóðasamtaka rannsóknafyrirtækja og vinna samkvæmt siðareglum þeirra. Nánari upplýsingar um öryggisráðstafanir má finna í persónuverndarstefnu á www.visar.is. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir með því að senda póst á personuvernd@visar.is.

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða gagnasöfnun skólans. Ef þú er mótfallin því að barn þitt svari spurningalistanum, hafðu þá samband við skrifstofu skólans.

Nánari upplýsingar um könnunina eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is.

Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnunin fer fram á netinu í mars og er send á tölvupóstföng allra starfsmanna skv. starfsmannalista sem tengiliður Skólapúlsins sendir inn í febrúar. Könnunin fer fram í mars á ári hverju og niðurstöður hennar birtast á vefsvæði þátttökuskólanna í byrjun apríl. Það tekur um 15-30 mínútur að svara könnuninni. Efni kannana er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins.

Almenni hluti könnunarinnar metur 20 þætti, þ.á.m. vinnuálag, áskoranir í starfi, stuðning frá yfirmanni, samband vinnu og einkalífs, starfsanda, einelti og áreiti. Könnunin samanstendur af próffræðilega sannreyndum mælikvörðum úr QPS Nordic starfsmannakönnuninni. Mælikvarðarnir voru valdir með tilliti til fyrirliggjandi stuðnings við mælingasamræmi, samleitniréttmæti og forspárréttmæti sem finna má í ritrýndum fræðigreinum (sjá Christensen og Knardahl, 2010; Wannstrom o.fl., 2009a; Wannstrom o.fl., 2009b).

Kennarahluti könnunarinnar metur 23 þætti þar til viðbótar.

Allir starfsmenn

1. *Starfið (13 spurningar)*
 - 1.1 Vinnuálag (4)
 - 1.2 Skýrleiki hlutverks (3)
 - 1.3 Ágreiningur um hlutverk (3)
 - 1.4 Jákvæðar áskoranir í starfi (3)
2. *Starfsmenn (8 spurningar)*
 - 2.1 Leikni í starfi (4)
 - 2.2 Skuldbinding til vinnustaðarins (3)
 - 2.3 Skörun vinnu og einkalífs (1)
3. *Vinnustaðurinn (13 spurningar)*
 - 3.1 Starfsandi (3)
 - 3.2 Stuðningur frá samstarfsfólki (2)
 - 3.3 Stuðningur við nýsköpun (3)
 - 3.4 Mismunun (2)
 - 3.5 Einelti (þú) (1)
 - 3.6 Einelti (annar en þú) (1)
 - 3.7 Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti) (1)
4. *Stjórnun (12 spurningar)*
 - 4.1 Stuðningur frá næsta yfirmanni (3)
 - 4.2 Sanngjörn forysta (3)
 - 4.3 Valdeflandi forysta (3)
 - 4.4 Ræktun mannauðs (3)

Kennarar

- 5. Kennarastarfið (30 spurningar)
- 5.1 Ánægja með kennarastarfið (4)
- 5.2 Trú kennara skólans á eigin getu (4)
- 5.3 Upplýsingamiðlun til foreldra (4)
- 5.4 Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku (1)
- 5.5 Undirbúningur kennslu í skólanum (1)
- 5.6 Öllum bekknum kennt í einu (1)
- 5.7 Hópavinna í bekk (2)
- 5.8 Einstaklingsvinna í bekk (2)
- 5.9 Einstaklingsmiðuð kennsla (1)
- 5.10 Áhersla kennara á námsmat með prófum (3)
- 5.11 Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (6)
- 5.12 Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað) (1)
- 6. Starfsumhverfi kennara (19 spurningar)
- 6.1 Starfsmannaviðtöl undanfarið ár (1)
- 6.2 Gagnsemi starfsmannaviðtals (1)
- 6.3 Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika (3)
- 6.4 Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem. (3)
- 6.5 Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara (4)
- 6.6 Samráð um kennslu (4)
- 6.7 Samvinna um kennslu (3)
- 7. Símenntun kennara (22 spurningar)
- 7.1 Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár (1)
- 7.2 Símenntunarpörf kennara (11)
- 7.3 Símenntunarpörf kennara (annað) (1)
- 7.4 Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 18 mán. (1)
- 7.5 Hindranir í símenntun kennara (7)
- 7.6 Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán. (1)

Allir starfsmenn – Opin svör

- 8.1 Vinsamlegast lýstu því hvað þér finnst gott við vinnustaðinn þinn (1)
- 8.2 Vinsamlegast lýstu því sem þér þykir slæmt eða megi betur fara á vinnustaðnum þínum (1)

Foreldrakönnun

Könnunin er gerð í febrúar ár hvert og er fyrir foreldra barna á öllum aldurstigum grunnskólans. Búið er til 120 nemenda líkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í janúar. Í þeim tilfellum þar sem tvö netföng forráðamanna eru skráð á nemendur er spurningalistanum skipt í tvennt og helmingur listans sendur á sitt hvort netfangið. Öðru hvoru foreldrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutum. Nánari útskýringar á aðferðafræði könnunarinnar er að finna [hér](#). Niðurstöður á yngsta, mið- og unglíngastigi eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun mars svo lengi sem 80% svarhlutfalli hefur verið náð. Hér fyrir neðan eru leiðbeiningar í 5 skrefum sem lýsa því hvað þarf að gera til að taka þátt í foreldrakönnuninni.

Foreldrakönnunin mælir 41 þátt í sex flokkum. Spurningarnar eru 70 talsins. Hægt er að taka könnunina á íslensku, pólsku og ensku. Um 10-15 mínútur tekur að svara allri könnuninni.

1. Nám og kennsla (9 spurningar)

- 1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum (6)
- 1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans (1)
- 1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra (1)
- 1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra (1)

2. Velferð nemenda (13 spurningar)

- 2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur (3)
- 2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda (1)
- 2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt (1)

- 2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt (1)
- 2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt (1)
- 2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra (1)
- 2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum (1)
- 2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum (1)
- 2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans (1)
- 2.10. Meðaltímabil eineltis (1)
- 2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað (1)

3. Aðstaða og þjónusta (18 spurningar)

- 3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum (7)
- 3.2. Ánægja foreldra með tómsundabjónustu/frístundaheimili (6)
- 3.3. Hlutfall nemenda í tómsundabjónustu/frístundaheimili (1)
- 3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundabjónustu (1)
- 3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti (1)
- 3.6. Notkun á mötuneyti (1)
- 3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti (1)

4. Foreldrasamstarf (16 spurningar)

- 4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi (4)
- 4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur (1)
- 4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina (2)
- 4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á (1)
- 4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á (1)
- 4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal (1)
- 4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali (1)
- 4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum (1)
- 4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra (1)
- 4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans (1)
- 4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá (1)

5. Heimastuðningur (11 spurningar)

- 5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna (5)
- 5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu (3)
- 5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra (1)
- 5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám (1)
- 5.5. Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns (1)

6. Opin Svör (3 spurningar)

- 6.1. Lýstu því hvað þér þykir gott við skólann þinn (1)
- 6.2. Lýstu því hvað þér þykir að megi betur fara í skólanum (1)
- 6.3. Athugasemdir við heimasíðu skólans (1)